

Stjórnarfundur - 31. mars 2025

Kl. 16:00

Mætt: Beta, Hlynur, Anna Rún, Pétur, Helga, Ingibjörg, Líska og Anna Eyjólf

1. Félagsfundur og úthlutun listamannalauna

Anna Rún kynnir. Félagsfundur og spurningar um starfslaun listamanna.

Möguleiki á því að halda félagsfund, fyrir allt að 1000 manns í gegnum Teams búnað og setja þar inn spurningar og svör nafnlaust.

Erum búin að undirbúa spurningalista fyrir fundinn, byggður á spurningum sem okkur finnst mikilvægt að komi fram.

Þurfum að gefa félagsmönnum tækifæri á kynningu á ferlinu og að einhver sitji fyrir spurningum á fundinum sem þekkir til starfsins.

Markmiðið er að mynda samheldni innan hópsins.

Eina beina aðkoma SÍM er að úthluta í nefndir. Það þarf að koma skýrt fram.

Lágpunktur núna, árangurshlutfall kemur til með að hækka næstu fimm árin. 20% aukning til myndlistarmanna næstu árin.

Rauður þráður í spurningum: hugmyndir um gagnsæi, hlutleysi, hver matskvarðinn er, sömu aðilar að fá ár eftir ár, erfitt fyrir fólk að komast aftur inn.

Annar hluti fundarins verði að félagsmenn geti sent inn spurningar til stjórnar listamannalauna og að þau sendi einhvern á fundinn sem getur setið fyrir svörum.

Hinn hluti fundarins verði spurningalisti til félagsmanna og hvernig SÍM getur komið til móts við félagsmenn og gætt betur hagsmuna þeirra.

Hvert er hlutverk / umboð SÍM.

Skekkjan liggur hjá ungum listamönnum, pressa á að virkja þann sjóð sem er enn inni í lagatextanum.

Annað áhyggjuefni: fjármögnun á Feneyjartvíæringnum, 10% nýliðun.

Hefja fund á kynningu - Óskar. Jónatan sitji fundinn og svari fyrirspurnum. Leggja til spurningalista, jafnvel fyrirfram. Þarf að vera skýrt, senda út fyrirfram ákveðinn spurningalista.

Anna Rún sendir spurningar á stjórnina.

Óska eftir því að félagsmenn sendi inn fyrirspurnir fyrir páska. Fundurinn verður haldinn í lok apríl. Nýtt fundarboð verður sent út fyrir páskafrí.

2. Önnur mál

Skýrsla skapandi greina. Hlutföll á milli greina, hlutföll á styrkjum til skapandi greina, munur á samanburðarlöndum o.fl.

SÍM geti farið í frekari greiningarvinnu, vantar almenna úrvinnslu á skýrslunni.

Samstarf við Myndlistarmiðstöð og Rannsóknarsetur skapandi greina. SÍM getur skipað í nefndir.

Fundur - Stjórn Rekstrarfélagsins

kl 17:00

Mætt: Beta, Hlynur, Anna Rún, Pétur, Ingibjörg, Líska og Anna Eyjólf

1. Vinnustofumál

Skipholt 37. Búið er að staðfesta að við fáum Skipholt 37 í leigu frá september 2025 í þrjú ár. Með styrk frá ráðuneytinu getum við leigt vinnustofurnar á 3500 kr fm2.

Áður en að ákvarðanir geta verið teknar varðandi Skipholtið þarf að koma í ljós hvort að leyfi fæst fyrir gestaíbúðinni. Erum í sambandi við brunahönnuð um að teikna upp 3. hæðina. Má ekki setja of mikinn pening í framkvæmdir á húsnæðinu.

Helsta áskorunin eru stór rými, hægt að stúka þau niður eða hafa eitt stórt sameiginlegt rými þar sem listamenn leigja bara fermetra í rýminu. Project rými.

Möguleiki á rými þar sem hægt er að leigja skrifborð og vinna ásamt öðrum.

Digranesvegur. Er í söluferli, samþykkt kautilboð við fjárfesta. Við semjum við nýja eigendur um leigu í 3 ár og fáum ótímabundinn eftir það með uppsagnarfresti í 1 ár.

Hefur komist til tals að kaupa húsnæðið, en fasteignagjaldið er of hátt. Eigum ekki peninga til þess að leggja út fyrir kaupum. Anna hafði samband við Soffíu Karlsdóttur hjá Kópavogsbæ um niðurfellingu á fasteignagjöldum annars vegar og hins vegar vinnustofu styrki til listamanna.

Austurstræti. Fimm vinnustofur, 20 manns hafa sótt um. Eftirspurn eftir vinnustofum í miðbænum. Möguleiki á að stækka þetta í framtíðinni og bæta við annarri hæð.

Annað. Hættum með vinnustofur á Héðinsgötu og Auðbrekku en höldum áfram í Lyngási.

Verður að vera rekstrarafgangur til þess að borga laun o.þ.h.

Athuga með að framlengja leigusamning á Seljavegi til 1. september eða þar til að við fáum Skipholtið.

Þarf að vera umsjónarmaður með gestavinnustofum, einhver sem er á staðnum og getur leiðbeint listamönnum. Bjóða listamanni með vinnustofu afslátt af leigu í skiptum fyrir.

Fyrirhugaðar breytingar á prógramminu á Korpúlfsstöðum kynntar á næsta fundi rekstrarfélagsins.

Fundi slitið kl 17:41